

Fimmtudaginn 27. nóvember 1980.

Nr. 42/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Birni Ragnari Morthens

(Helgi V. Jónsson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu er að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar. Einnig er málinu að því er ákærða einan varðar áfrýjað af hálfu ákærvaldsins til þyngingar, en hér fyrir dómi krafðist ríkissaksóknari staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þ. á m. yfirlýsing Landsbanka Íslands þess efnis, að ákærði hafi hinn 6. nóvember 1979 lokið að fullu greiðslu víxils þess, sem mál þetta er af risið.

Samkvæmt vottorði 25. þ. m., undirrituðu af Sveini Ólafssyni vélstjóra, hefur ákærði starfað við vélgæslu í Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi „allt frá apríl 1979 til dagsins í dag og gegnt því starfi með ágætum.“

Þá liggur fyrir vottorð um, að ákærði hafi kvænst 13. október 1979.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefur ákærði hvorki sætt kærú né refsingu.

Málsatvik eru greind í héraðsdómi, og varðar brot ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga verður ákærða dæmd refsing í einu lagi fyrir þjófnaðarbrot þau, framin 29. júlí 1978, er dómur 6. desember 1978 fjallar um, og skjalafals það, sem ákærði er saksóttur fyrir í máli því, er hér er til úrlausnar. Við ákvörðun refsingar verður höfð hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin

fangelsi 5 mánuði. Eftir atvikum þykir mega skilorðsbinda refsingu ákærða, þannig að hún falli niður að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið. Komi refsing til framkvæmda, þykir rétt samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að 6 daga gæsluvarðhald ákærða, sbr. dóm sakadóms Reykjavíkur 6. desember 1978, komi henni til frádráttar.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Ákærði og X komu fyrir dóm við þingfestingu málsins hinn 21. mars 1979, en ekki í önnur skipti. Voru þeir þá yfirheyrðir saman í dóminum. Er það andstætt 4. mgr. 77. gr., sbr. 4. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Björn Ragnar Morthens, sæti fangelsi 5 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að þrem árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Komi refsingin til framkvæmda, skal frá henni draga 6 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. mars 1979.

Ár 1979, miðvikudaginn 21. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörns-syni yfirsakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 98—99/1979: Ákærvaldið gegn Birni Ragnari Morthens og X, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 14. þ. m., gegn:

1. Birni Ragnari Morthens bifreiðarstjóra, Stigahlið 93, fædd-um 20. desember 1956 í Reykjavík,

2. X,

„fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að falsa nafnið Jón Róbertsson, Bauganesi 40, en það er íslenskt nafn John A. Boulter, sem ákærðu þekkja, sem útgefanda og framseljanda á víxil að fjárhæð kr. 100.000, með útgáfudegi 22. desember 1977 og gjalddaga 19. mars 1978, en ákærði Björn Ragnar var samþykkjandi, en Kára Sigurðsson fengu ákærðu sem ábeking, og selja síðan víxilinn í Landsbanka Íslands og nota andvirðið til greiðslu farmiða fyrir ákærða Björn Ragnar til útlanda.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur (sic) til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Hinn 23. desember 1977 keypti Landsbanki Íslands víxil af ákærða Birni Ragnari. Víxillinn var upphaflega að fjárhæð 150.000 kr., samþykktur af ákærða Birni, útgefandi talinn Jón Róbertsson, Bauganesveg (sic) 40, og framseljandi auk hans Kári Sigurðsson. Bankinn keypti víxilinn, þó aðeins fyrir 100.000 kr.

Sannað þykir með framburði ákærðu og öðrum gögnum að nafnritunin Jón Róbertsson er fölsuð.

Ákærðu höfðu áformað að fara saman til Danmerkur, en skorti á farareyri. Þeim kom saman um að selja víxil í því skyni, og ritaði X nafn Jóns Róbertssonar í heimildarleysi á víxilinn, en Björn sá svo um að selja hann.

X segist hafa verið búinn að ræða það við kunningja sinn John Boulter, Bauganesi 40, sem hann hafi talið ganga undir nafninu Jón Róbertsson, að gefa út víxil fyrir þá, en hann hafi þó aldrei lofað því. Viðurkenna ákærðu afdráttarlaust, að nafnið Jón Róbertsson sé ritað á víxilinn, án þess John Boulter vissi neitt um það.

Með notkun falsaðs skjals í lögskiptum hafa ákærðu unnið til

refsingar samkvæmt 155. gr. alm. hegningarlaga, enda verður að telja þá báða aðalmenn að broti þessu.

Ákærði X hefur aldrei fyrr verið kærður fyrir lagabrot, en Björn hefur sætt þessum refsingum:

1974 3/6 2 mánaða varðhald, skilorðsbundið 2 ár, fyrir brot gegn 219. og 259. gr. hegningarlaga og áfengis- og umferðarlögum.

1975 18/5 43.000 króna sekt fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf (dómssátt).

1975 20/1 10.000 kr. sekt fyrir sams konar brot (dómssátt).

1976 12/1 25.000 kr. sekt fyrir brot gegn 244., sbr. 256. gr. hegningarlaga (dómssátt).

1978 6/12 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga (tvö þjófnaðarbrot).

Auk þess hefur ákærði 29. maí á sl. ári gengist undir 300 kr. sekt í Borgardómi Kaupmannahafnar fyrir brot gegn 276. og 287. gr. hegningarl. dönsku (þ. e. minni háttar þjófnaðarbrot).

Með áður nefndum dómi 3. des. sl. (sic) var ákærði Björn sekur fundinn um tvö þjófnaðarbrot, framin hér í borg 29. júlí 1978. Í því máli hefur ekki legið fyrir sekt sú, er hann sættist á í Kaupmannahöfn.

Samkvæmt reglum 60. gr. alm. hegningarlaga þykir nú rétt að taka upp skilorðsdóm ákærða frá 6. des. 1978 og dæma um öll brotin í einu lagi. Gætt verður ákvæða 77. og 78. gr. alm. hegningarlaga en skjalafalsbrot ákærða er framið, áður en dómurinn 6. des. var kveðinn upp. Refsing ákærða verður ákveðin 5 mánaða fangelsi, og þegar litið er til ferils ákærða, þykja eigi skilyrði til þess að skilorðsbinda refsinguna, enda verður talið, að skilorðsbinding refsingar hefði ekki komið til mála í dóminum 6. des., ef þá hefði einnig verið dæmt um skjalafalsbrotið. Í dóminum 6. des. er kveðið á um, að 6 daga gæsluvarðhald dragist frá refsingu, ef hún komi til framkvæmda, og ber að taka það dómsákvæði upp í þennan dóm.

Refsing X verður ákveðin 60 daga fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá verða ákærðu dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar in solidum.

Landsbanki Íslands hafði sett fram fjárkröfu við rannsókn málsins. Dómurinn fékk upplýsingar um það frá bankanum við

meðferð máls þessa, að ákærði Björn hefði greitt hluta af kröfunni til bankans og samið um kröfuna að öðru leyti. Krafan hefur því ekki verið tekin til úrlausnar í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði Björn Ragnar Morthens sæti fangelsi 5 mánuði. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist hans 6 daga.

Ákærði X sæti fangelsi 60 daga. Fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum kostnað sakarinnar.

Föstudaginn 28. nóvember 1980.

Nr. 184/1978. Hjörtur Aðalsteinsson

gegn

Svani Pálssyni.

Mál fellt niður. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Þegar mál þetta skyldi munnlega flutt 28. þ. m., óskaði áfrýjandi þess, að málið yrði hafið.

Stefndi samþykkti, að málið yrði hafið, en krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framangreindu ber að hefja mál þetta. Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 300.000 krónur.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Hjörtur Aðalsteinsson, greiði stefnda, Svani